

Gosmóða á suðvesturhorninu

Gosmóða frá eldgosinu við Sundhnúsgígágerðina gerði víða vart við sig á suðvesturhorninu síðastliðna helgi og fram í byrjun vikunnar. Á meðfylgjandi mynd sem tekin er á Selfossi á mánudaginn má rétt glitta í starfstöðvar HSU og MS. Mynd: Dagskráin/BRV.

Frábær helgi að baki á The Rift

Um helgina fór hjóleiðakeppnin The Rift fram í sjötta sinn í mögnuðu eldfjallalandslagi Suðurlands. Um það bil 1.000 þátttakendur tóku þátt í viðburðinum og þar af komu yfir 90% erlendis frá, sem staðfestir orðspor The Rift sem einnar af þekktustu og eftirsóttustu hjóleiðakeppnum á malarvegi í Evrópu.

Keppendum buðust tvær vegalendir: 140 og 200 km. Hjólað var yfir grófar hraunbreiður, jökulár og stórbrotnar hálendissléttur. Aðstæður voru bæði krefjandi og hrífandi, og íslenskt veðurfar gaf keppninni enn meira ævintýraíraf.

Í 200 km flokki karla í at-



Myndir: The Rift/Jón H. Unnarsson.

vinnu/afrekshópi sigraði Daninn Magnus Bak Klaris í annað skipti í röð. Tiago Ferreira frá



Þjóðverjinn Rosa Klöser.

Portúgal endaði annað árið í röð í öðru sæti og í þriðja sæti lenti Petr Vacok frá Tékklandi.



Daninn Magnus Bak Klaris.

Í kvennaflokki 200 km atvinnu/afrekshóps var hörð barátta, en fyrsta sætið féll í

skaut Þjóðverjans Rosa Klöser. Í öðru sæti var sigurvegarinn frá í fyrra, Geerike Schreurs frá Hollandi, og í því þriðja Morgan Aguirre frá Girona á Spáni.

The Rift hafði upp á margt annað að bjóða um helgina en keppnina sjálfa. Til að mynda félagslega hjólaferð Café dy Cycliste á föstudeginum, eftirpartý Panaracer á laugardegnum og afslappaðan sundlaugarhitting á sunnudeginum í boði SRAM.

Viðburðurinn er skipulagður af íslenska hjólamerkinu Lauf Cycles með stuðningi frá alþjóðlegum samstarfsaðilum á borð við Café du Cycliste, SRAM, Panaracer og Neversecond.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Ertu að leita ökukennara?
Ég saki, kenni og skutla svo heim aftur

Starfsvæði: Uppsveitir og nágrenni eða eftir samkomulagi

Elvar Már Svansson, ökukennari



EMS ÖKUNÁM

EMS ÖKUNÁM 841-1061 keyriogkenni@gmail.com

Laus störf við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir fjögur störf skólaárið 2025 – 2026:

- Ræstitæknar í Odda, Hamri og lðu á Selfossi. Um er að ræða þrjú störf í 30 - 50% starfshlutfalli hvert. Um er að ræða almenn störf við ræstingar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og Bárunnar.
- Starfsmaður í mótuneyti á Reykjum í Ölfusi. Um er að ræða 50% starf. Helstu verkefni eru að flytja tilbúinn hádegismat frá Selfossi að Reykjum, framreiða matinn, ganga frá og ræsta í eldhúsi auk tilfallandi verkefna. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og FOSS.

Leitað er eftir áreiðanlegum einstaklingum með mikla þjónustulund og jákvæða framkomu. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um nám og fyrri störf. Nánari upplýsingar um störfin veitir Jóhann Böðvar Sigþórsson ræstingastjóri, johannb@fsu.is. Sótt er um á www.starfatorg.is eða rafrænt á johannb@fsu.is.

Umsóknarfrestur er til 6. ágúst 2025. Ráðið er frá 18. ágúst 2025.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is.

Skólameistari




Eva María hársbreidd frá úrslitakeppni

Eva María Baldursdóttir, Umf. Selfoss, stóð sig frábæra er hún vippaði sér yfir 1,77 m í fyrstu tilraun á EM U23 sem fram fór í Bergen þann 17. júlí. Árangur Evu Maríu skilaði henni í 15. sæti keppinnar, eingöngu einu sæti frá úrslitakeppni hástökkans en 14 stúlkur komust í úrslitakeppnina sem fram fer þann 19. júlí nk. Eva María var komin yfir 1,81 en

felldi naumlega með hælunum en sú hæð hefði skilað henni í úrslitakeppnina. 28 stúlkur tóku þátt í hástökkkeppninni en þær 14 stúlkur sem komust í úrslit stukkðu allar yfir 1,81 m. Frábær árangur hjá Evu Maríu en hún hefur hæst stokkið yfir 1,84 m á þessu ári.

Umf. Selfoss



Frjálsíþróttadeild Selfoss með keppendur á þremur stórmótum

Iðkendur frjálsíþróttadeildar Selfoss eru margir í landsliðsverkefnum næstu dagana. Eva María Baldursdóttir, Umf. Selfoss, náði lágmarki í hástökki á Evrópumeistaramóti U23 sem haldið verður í Bergen 17.-20. júlí. Eva María keppir í hástökki fimmtudaginn 17. júlí en fjórar aðrar íslenskar stúlkur náðu lágmarki á mótinu.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fer fram í Skopje í Norður Makedoníu dagana 20.-26. júlí og þar á frjálsíþróttadeild Selfoss tvo keppendur af þeim fjórum sem Ísland sendir í frjálsíþróttakeppnina. Bryndís Embla Einarsdóttir, Umf. Selfoss,

keppir í spjótkesti fimmtudaginn 24. júlí og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, Umf. Selfoss, keppir í tugþraut en þrautin fer fram



21.-22. júlí. Rúnar Hjálmarsson yfirþjálfari Frjálsíþróttadeildar Selfoss er auk þess þjálfari íslenska hópsins.

Norðurlandameistaramót U20 fer fram í Uppsala í Svíþjóð dagana 26.-27. júlí. Einn keppandi keppir í hverri grein frá Íslandi og voru fjórir iðkendur frjálsíþróttadeildar Selfoss valdir til keppinnar. Daníel Breki Elvarsson, Umf. Selfoss, keppir í spjótkesti, Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Umf. Selfoss, keppir í kringlukasti, Þorvaldur Gauti Hafsteinsson, Umf. Selfoss, keppir í 800m hlaupi og Ívar Ylur Birkisson Dímon keppir í 110 m grindahlaupi.

Selfyssingar sterkir á Héraðsmóti HSK

Héraðsmót HSK var haldið á Selfossvelli dagana 15. og 16. júlí við frábærar aðstæður. Selfyssingar mættu með öflugt lið til keppinnar og gjörsigruðu Héraðsmótið með 384 stig. Dímon varð í öðru sæti með 67 stig og Hekla í því þriðja með 33 stig. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Anna Metta Óskarsdóttir voru stígahestu keppendur mótsins, Hjálmar Vilhelm halaði inn 24 stigum og Anna Metta krækti í 33 stig.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fjórfaldur Héraðsmeistari. Hann sigraði í 100m hlaupi á tímanum 11,50 sek, stangarstökki með 3,35m, kúlurvarpi með 12,08m og kringlukasti er hann þeytti kringlunni 42,62m. Anna Metta Óskarsdóttir varð þrefaldur Héraðsmeistari. Hún sigraði í 100m hlaupi á tímanum 13,09 sek sem er nýtt HSK met í flokki 15

ára stúlkna en fyrra metið var 13,11sek, sett árið 2017 af Bríeti Bragadóttur. Anna Metta sigraði einnig í þristökki með 11,58m og í 1500m hlaupi á tímanum 6:02,34 mín. Daníel Breki Elvarsson varð tvöfaldur Héraðsmeistari en hann sigraði í spjótkesti með 48,34m og í 200m er hann hljóp á tímanum 23,95 sek. Daníel Smári Björnsson varð tvöfaldur Héraðsmeistari. Hann stökk lengst allra í þristökki er hann stökk 11,59m og kom fyrstur í mark í 400m hlaupi á tímanum 61,86 sek. Hildur Helga Einarsdóttir varð tvöfaldur Héraðsmeistari í kastgreinum. Hún sigraði í kúlurvarpi með 10,60m löngu kasti og einnig í sleggjukasti er hún þeytti henni 33,40m. Þórhildur Sara Jónasdóttir varð tvöfaldur Héraðsmeistari. Hún kom fyrst í mark bæði í 400m hlaupi á tímanum 62,31 sek og í 800m



Anna Metta Óskarsdóttir þrefaldur héraðsmeistari og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson fjórfaldur héraðsmeistari. Mynd: UMFS/Aðsind.

hlaupi á tímanum 2:35,70 mín. Þorvaldur Gauti Hafsteinsson varð Héraðsmeistari í 800m hlaupi á tímanum 1:59,74 mín og Kristján Kári Ólafsson varð Héraðsmeistari í sleggjukasti með 36,61m. Arndís Eva Vigfúsdóttir varð Héraðsmeistari í kringlukasti með 31,17m og jafnaldra hennar Bryndís Embla Einarsdóttir varð Héraðsmeistari í spjótkesti með 38,00m. Húgrún Birna Hjaltadóttir varð Héraðsmeistari í 200m hlaupi á tímanum 28,36 sek og Ísold Assa Guðmundsdóttir varð Héraðsmeistari í stangarstökki er hún vippaði sér yfir 2,55m.





Stuðningur ykkar var ómetanlegur!

Þessi frábæru fyrirtæki studdu við nemendur Dansakademíunnar í æfinga- og keppnisferð á Dance World Cup í sumar

Gröfupjónusta Steins • Jón Valgeir ehf. • First Water • Mathofið

Tannlæknastofa Þorlákshafnar • Landstólpi • Galleri Ozone • Carbfix Hótel

Geysir • Ísfélagið • HS Orka hf. • Menam Thai • Menam Dim Sum

Veldix • ALP/GÁK • Málningarþjónustan • Trésmiðja Heimis • Óli Píp slf. • Pure North

Verkís Verkfræðipjónusta • Hótel Klaustur • Apótek Suðurlands • TM Selfossi

Ölfusborg ehf. • Bílaþjónusta Péturs • Nails by Nailed It • Ókindin • Hótel Selfoss • Krisp

Litla Garðbúðin • Rakarastofa Björns og Kjartand • Almar Bakari • Mjólkurbúið • Gæðabakstur • GK Bakari

Hótel Kvika • Kalli Úr • Myllan • Gæðabakstur • Heima Bistro • Mega Zipline • Arion Banki • ÓJK-Ísam • Motivo Cleopatra • Body Shop • Österby Hársnyrtistofa • Eldhestar • Búðin í Þorlákshöfn • Stjörnugrís •

Íslandsbanki Sportbær • Icelandic Water Holdings • Mjólkursamsalan • Snyrtibarinn • Skalli •

Hamborgarabúlla Tómasar • Nettó • Snyrtistofa Steinunnar

Með hamarinn á lofti í 80 ár

Ævisaga Sigfúsar Kristinssonar, staðarsmiðs Selfoss

Viðla liggja spor Sigfúsar Kristinssonar á Selfossi þar sem hann hefur alið allan sinn aldur. Hann er völundur á tré og hefur verið með hamarinn á lofti í 85 ár. Sigfús sýnir nú á sér nýja hlið og hefur skrifað ævisögu í máli og myndum, 93 ára að aldri, geri aðrir betur. Stúlupnið hefur hann nú tekið í hönd sér þannig að um munar og mundar það með sama listfengi og hamarinn. Honum er því ekki stírt um stef og stúlupninu beitir hann fimlega þar sem hárbeyttan húmor hans má lesa milli línanna. Eftir lesturinn verðum við margs fróðari um byggingasögu Selfoss. Með sanni má segja að saga Sigfúsar sé samofin sögu Selfoss.

Hamarinn og penninn eru ekki lík verkfæri. Bókina skrifar hann eins og hann sé að byggja hús, leggur faglegan grunn að verkinu en um leið fáum við sumpart innsýn inn í horfinn heim. Samt lifir þessi heimur enn í gegnum byggingar Sigfúsar sem bera hagleik hans órátt vitni. Í Njálu segir: „Engum manni er Kári líkur fyrir hvat-leik sinn“. Það er við hæfi að færa þessa mannlýsingu yfir á Sigfús Kristinsson, manninn sem staðið hefur í stafni í áratugi og stjórnað heilum her af smiðum sem byggt hafa margar af stærstu byggingum Selfoss.

Það er mikill fengur fyrir okkur Árneseinga að fá út bók

Sigfúsar. Æskuárum hans á Selfossi sem og ættboganum í Litlu-Sandvík og Hlíð í Gnúp-verjahreppi eru gerð góð skil sem og sveitadvöl hans hjá frændfólkinu í Skeiðháholti. Atvinnusaga Selfoss fléttast auðvitað inn í bókina og þar kemur Sigfús svo sannarlega við sögu. Söguna af því er Mjólkurbú Flóamanna fékk leyfi til að byggja nýtt mjólkurbú utan um hið gamla er að finna í bókinni. Endurbýgging þess gamla kom síðar og þá í formi nýs miðbæjar á Selfossi. Hér tókst Agli Thorarensen að snúa á ráðherra- og embættismannavaldið. Í framhaldinu tók hvíta gullið að renna um búið og Selfoss stækkaði og sveitirnar blómstruðu. Selfoss breyttist í framhaldinu úr litlu þorpi í bæ. Þeir unnu þétt saman, Egill og Kristinn Vigfússon faðir Sigfúsar og í sameiningu náðu þeir heilum vagni heim að aka.

Aðalsmerki bókarrinnar er að Sigfús leggur til allt í senn; litina, lyktina og leiktjöldin. Sigfús birtist okkur ljóslifandi á sviðinu og rödd hans fær að hljóma. Það á líka einkar vel við enda sviðsumgjörð nútímans á Selfossi að stórum hluta mótuð með hamri Sigfúsar.

Þessi bók segir sögu athafnamanns sem svo sannarlega hefur sett svip á umhverfi sitt. Bók Sigfúsar er gott yfirlit um ævi hans og störf. Hann byggir Sjúkrahús Suðurlands og hefur aldrei verið



Sigfúsi og Þór Vigfússyni skóla-meistarar fyrir framan byggingu Fjölbrautaskóla Suðurlands. Myndin tekin 1985.

lagður inn veikur. Hann byggir Fjölbrautarskóla Suðurlands, hið sérstæða hús sem doktor Maggi teiknaði og hafði Lómagnúp í austri sem viðmiðið. Laugar-dalskirkja er nú heimsfræg sem fögur kirkja Bobby Fischers, sem Sigfús smíðaði og Bjarni Pálsson frændi hans teiknaði. Fagribær er fallegur gamall bær sem er nú tákn bæjarins og yndi ferðamanna. Þennan bæ smíðaði hann í ellinni með Benedikt dóttursyni sínum, sér og öðrum til yndisauka, gerði strákinn að trésmið og nú nemur Benedikt hin æðstu fræði í Bandaríkjunum í verkfræði.

Í mínum huga er ljóst að hvorki mölur né ryð fær ævi-starfi Sigfúsar grandað enda kom það fram í fréttum á dögunum að aldrei hefði greinst mygla í húsum þeim er Sigfús byggði. Komandi kynslóðir Árneseinga munu því njóta dugnaðar stórvinar míns Sigfúsar Kristinssonar.

Enn er Sigfús sterklegur þótt eikin sé farin að bogna, skrifborðið hlaðið gögnum og gaman að hlusta á frásagnargleði staðarsmiðsins. Sólveig Þórðardóttir kona hans stóð við hlið hans á langri ævi, minningin um hana lifir og ættstofninn er blaðsterkur og genin skjóta rótum í nýjum kynslóðum. Margt er hinum háprúða öldungi hugleikið, hann fylgist vel með og hefur skoðanir á öllu milli himins og jarðar. Draumar og andleg málefni eru honum hugleikin þegar sól slær silfri á voga.

Að endingu vil ég óska Sigfúsi og hans góða fólki til hamingju með þessa gagn-merku ævi og ævisögu. Bókin er á kjarngóðu máli og mjög í anda meistarans.

Guðni Ágústsson



Sunnlenski matgæðingurinn



Sjúklega safaríkt sunnlenskt shakshuka

Freyja Katra Erlingsdóttir er sunnlenski matgæðingur vinnunnar.

Ég þakka félagi Orra fyrir að senda til mín áskorun um eitt-hvað frumlegt og framandi, og það er tilvalið að leggja fram upphaldsréttinn minn frá Túnis og Mið-Austurlöndum. Þessi uppskrift er tilvalin fyrir 2-3.

Innihald

2 dósir skornir tómatar
1 stk. rauð paprika, sökuð
Heill laukur, saxaður
Heill hvítlaukur, saxaður
Ca. 1 kúfull msk. kryddblanda af Kumen, papriku og hvítlauksdufti með Cayenne eða Chili dufti, EDA Harissa krydd ef til er.
2-3 egg á mann
2 msk. ólífuolía
Salt, eftir smekk

Krydd skal malið í mortéli eða kryddblöndunarvél. Saxið grænmeti og steikið upp úr ólífuolíu í pönnu þar til mjúkt. Blandið kryddi við. Hellið tómötum út í og látið krauma í 10-20 mín. þar til þykkist. Lækkið hitann í létt kraum og búið til litlar holur með því að þrýsta

Nú sparka ég bolta til félaga míns Gunnars Freys Barkarsonar sem eflaust tryllir og heillar okkur öll með sínu skemmtilega innleggi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



á sleif eða skeið. Brjótið eitt egg í hverja holu, setjið lok á pönnuna og leyfið gufunni að elda eggin í 5-8 mínútur. Takið pönnuna af þegar hvítan hefur sest. Toppið með þurrkaðri steinseljju eða meira kryddi. Bera má fram eins og er eða með ristudu brauði eða pítu-brauði. Shakshuka er pallur sem á má stilla hvað annað sem er, hvort sem það er grillað beikon, sólþurrkaðir tómatar, pylsubitar, bernaiesósá eða fetaostur, bara eftir því sem til er á heimilinu og lyst er til. Ég hvet alla sanna matgæðinga að finna það sem þeim hentar, eða bara hafa það hreint eins og er.



Starfsmenn Sigfúsar árið 1970. Efri röð f.v. Sigurdór Karlsson, Kristján Samúelsson, Kristján Jónsson, Ólafur Sigurðsson, Guðjón Jónsson, Guðmundur Steindórsson, Kjartan Bjarnason, Haraldur Bjarnason, Andrés Markússon, Grétar Jónsson, Ólafur Ragnarsson, ég, Bogi Nilsson, Guðni Ágústsson fyrrv. ráðherra. Fremri röð f.v. Guðmundur Óskarsson, Páll Sigurbórsson, Gísli Jónsson, Guðmundur Helgason, Sigurður Óli Guðbjörnsson, Hilmar Sveinsson, Magnús Óskarsson.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Í sér stundum búið ber,
burt með staf er elska.
Síldarmælieining er,
eins og hún er konan sver.

Svar við gátu í blaði 2811: **HÁ**
1. Há er hrosshúð



Coro Mundi í Skálholtsdómkirkju

Coro Mundi, alþjóðlegur kór skipaður söngvurum víðs vegar að úr heiminum, heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi í júlí. Kórinn kemur fram á tónleikum í Hörpu en bætir nú einnig við tónleikum í Skálholtsdómkirkju föstudagskvöldið 25. júlí kl. 20:00.

Á efnisskránni eru tvö ný og spennandi tónverk sem verða frumflutt. Þar ber fyrst að nefna Sicut Cervus eftir

íslenska tónskáldið Sigurð Sævarsson, en einnig verður Sacred Place eftir bandaríska tónskáldið Alex Berko flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Það er sex þátta verk samið fyrir kór, píanó, fiðlu og selló.

Tónleikarnir í Skálholti eru hluti af fyrstu Íslandsferð kórsins og gefst gestum þar einstakt tækifæri til að njóta alþjóðlegrar kórlistar í fallegu umhverfi.



Krossgátulausn Hafliða Magnússonar

Í síðustu viku birti Dagskráin krossgátu eftir Hafliða Magnússon og var með því verið að heiðra minningu hans en hann hefði orðið 90 ára þann 16. júlí sl. Hafliði var með vikulegar krossgátur í Sunnlenska fréttablaðinu á Selfossi í rúman áratug í byrjun þessarar aldar og nutu þær mikilla vinsælda lesenda blaðsins.

Fjölmargir hafa lýst ánægju sinni með þetta innlegg Dagskráinnar í síðustu viku og glímdu við að leysa þessa krossgátu fullir þakklætis fyrir þetta menningarlega framtak.

Hafþór Gestsson á Eyrarbakka er einn þeirra sem ætíð tókst á við krossgátur Hafliða Magnússonar með mikilli ánægju og virðingu fyrir hinni öguðu leikni Hafliða með orð og íslenskt mál. Hafþór á glæsilega stöðu í krossgátusögu Suðurlands því hann náði því að verða krossgátumeistari Suðurlands þann 15. maí árið 2011 í troðfullu Íþróttahúsinu á Stokkseyri á Sumarblóti Hrutavinafélagsins Örvars. Hafliði hannaði þessa

keppni og samdi krossgátuna sem Hafþór varð fyrstur að leysa með glæsibrag. Ekki hafa verið fleiri krossgátukeppnir í þessum dúr því Hafliði lést þann 25. júní árið 2011.

Í ljósi þessa fékk Hafþór Gestsson nú fyrstur manna að takast á við krossgátu Dagskráinnar í 90 ára afmælisminningu Hafliða Magnússonar. Nákvæm tímavarsla var í höndum Jóhanns Páls Helgasonar og réði Hafþór krossgátuna á 27 mínútum. Sagði Hafþór þetta hafa verið sérlega skemmtilega stund og finna svo sannarlega anda Hafliða Magnússonar í krossgátu að nýju.

Undirritaðir, í 90 ára afmælisnefnd Hafliða Magnússonar, viljum þakka Prentmeti - Odda á Selfossi fyrir þeirra vegalaga þátt í 90 ára afmælisminningu Hafliða Magnússonar frá Bíldudal sem bjó á Selfossi frá árinu 1998.

Björn Ingi Bjarnason
Bjarni Harðarson
Jóhann Páll Helgason



Hafþór Gestsson glímir við 90 ára afmælis krossgátu Hafliða Magnússonar.



Hafþór Gestsson, til hægri, leysti krossgátuna glæsilega á 27 mínútum. Jóhann Páll Helgason, tímavörður til vinstri.

Lausn á síðustu krossgátu

Sunnlendingar sitja hér strákur og að vestan. GRANÍT-Hljómur góður er gera þessir bestan.

STÖR	TALA	MANNS ATTIR FANGA MARK	N	S	ÖTTA- SLEG- IN
H	L	J	Ö	M	↓
A	2EINS UM 2 EINS NAFN	S	E	E	S
FLJÖT TÖNN NIÐUR STÖÐ	A	KVIKUL LEIK- KONA	L	i	V
SAMHL	EFNIS- SKRÁ	Ö	AS SAMHL	LIT- FÖGUR	KL. TALA
ÜR	GERAST EINS UM R	S	K	E	
M	E	↓	B	i	R
KAF	F	i	T	L	RITUN RISTI
Ö- NEFND	N	N	FLJÖT LÝSTI ATT	A	S
AB UTAN	i	N	N	BLER TÖBARK	K
ATT HÖLMI	S	●	MADUR MAT- RÁÐS- MENN	K	A
E	Y	BRÚN NIÐUR SUBA	B	A	R
SNID	F	O	R	M	GRÍP
●	i	R	Y	E	T
ÍPR. LEIKUR	R	A	T	L	E
TALA ILM- SMIRSL	L	TÖNN HÁS	A	KNÖR FORS. KEYR	K
M	i	R	R	A	KLAKI
TANGI	T	A	FLJÖT	K	i
H. M.	LEYF- IST	M	A	LEIT	S



Frá Sumarblóti Hrutavinafélagsins Örvars þann 15. maí árið 2011 í Íþróttahúsinu á Stokkseyri. Til hægri við borðið talið frá hægri: Hjónin Eva Þórarinsdóttir og Hafliði Magnússon, krossgátuhöfundur og hjónin Hafþór Gestsson, krossgátumeistari Suðurlands og Emma Guðlaug Eiríksdóttir. Næst til vinstri við borðið talið frá vinstri: Kristján Runólfsson, Jón Jónsson og Hörður Jóelsson. Þekkinga má marga hlæjandi glaða gesti í salnum. Ljós.: Björn Ingi Bjarnason.

Karлакórar í Skálholti – Aðgangseyrir rennur óskiptur í orgelsjóð Skálholtskirkju

Karлакór Hreppamanna og Sprettskórinn halda tónleika í Skálholtsdómkirkju næstkomandi sunnudag, 27. júlí, kl. 16.00. Aðgangseyrir er kr. 3000 og/eða frjáls framlög sem renna óskipt í orgelsjóð Skálholtskirkju. Tónleikarnir eru lokaundirbúningur kóranna fyrir heim-sókn á Íslendingaslóðir í Banda-ríkjunum og Kanda, og þátttöku

í hátíðarhöldum vegna 150 ára afmælis landnáms Íslendinga í Gimli. Á efnisskrá tónleikanna, sem bera heitið „Þótt þú langföruhl legðir sérhvert land undir fót“, eru karлакórsperlur úr ýmsum áttum, ættjarðar- og þjóðsöngvar, í samræmi við tilefnið vestan-hafs. Öll hjartanlega velkomin.



Styrkja, breikka og klæða 7,5 km Hagabrautar

Vegagerðin hefst í sumar að styrkja, breikka og klæða 7,5 km kafla Hagabrautar (veg 286) frá Landvegi að Reiðholti. Þessi umtalsverða viðgerð miðar að því að bregðast við vaxandi kröfum um bættar samgöngur og aukið öryggi á svæðinu. Talsverð byggð er við veginn, bæði íbúa-byggð og sumarhúsabyggð auk þess sem skólabíll ekur þessa leið. Vegurinn er í dag 5 til 6 metra breiður malarvegur en hann verður breikkaður í 6,5 metra. Bundna slitlagið verður 6,3 m breitt og malaaxlir 10 cm til hvorrar hliðar. Einnig verða endurnýjuð ræsi á leiðinni. Vegurinn verður þannig hærri og aðeins breiðari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggum hliðarsvæðum. Ekki er um styttingu að ræða heldur fyrst og fremst vegabætur til að auka

umferðaröryggi. Framkvæmdir hófust í júní með undirbúningi efnisvinnslu og voru útboð haldin í mars-apríl. Alls bárust átta tilboð en samið var við lægstbjóðanda, Þjótanda ehf. á Hellu, sem bauð tæpar 294 milljónir króna í verkið sem var um 66 milljónum undir áætl-

uðum verktakakostnaði. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur á svæðinu, auka umferðaröryggi íbúa og annarra vegfarenda á Hagabraut og stuðla að greiðari samgöngum í Rangárþingi ytra. Gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið í lok sumars 2026.



Framkvæmdarkaflinn er 7,5 km langur og nær frá Landvegi að Reiðholti. Mynd: Vegagerðin.

Vinsældir Hveragarðsins halda áfram að aukast

Heimsóknir í Hveragarðinn hafa aldrei verið fleiri en síðustu ár og vinsældir garðsins virðast halda áfram að vaxa. Árið 2024 varð það besta frá upphafi, með rúmlega 28 þúsund gesti og árið 2025 stefnir nú þegar í að slá það met með tæplega 18 þúsund gesti fyrstu sex mánuði ársins. Það bendir eindregið til þess að þetta verði metár ef áfram heldur sem horfir.

soðna hverabrauðið sem bakað er úti í gufunni. Þessi lifandi upplifun og einstaka stemming virðast höfða sterkt til bæði erlendra ferðamanna og Íslendinga. Það gleður okkur að sjá hversu margir sýna garðinum áhuga og við hlökkum til að taka á móti enn fleiri gestum á næstu misserum.

Hveragerðisbær

Hveragarðurinn hefur fest sig í sessi sem eftirsóknarverður áfangastaður í Hveragerði og sem hluti af hinum vinsæla Gullna hring. Sífellt fleiri ferðaþjónustufyrirtæki velja að gera stutt stopp í garðinum og einnig hefur fjölgað verulega í hópi þeirra ferðamanna sem heim-sækja hann á eigin vegum. Sérstaka athygli vekur gos-hver garðsins þar sem gestir fá að upplifa kraft hans í návígi. Þá er einnig er vinsælt að sjóða egg úti í hver og að smakka gufu-



VERKEFNASTJÓRI Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Ertu mannvirkjamanneskja?

Við leitum að öflugum og lausnamiðuðum einstaklingi til að sinna verkefnum tengdum vegakerfi, mannvirkjum, stíflum og vatnsvegum. Starfið er á sviði vatnsafls sem ber m.a. ábyrgð á viðhaldi og eftirliti með mannvirkjum og stíflum Landsvirkjunar og tryggir að þau uppfylli kröfur á sviði umhverfis- og öryggismála. Starfstöð er í Búrfelli.

Helstu verkefni:


- umsjón og eftirlit með vegum og mannvirkjum Landsvirkjunar á svæðinu
- mat á ástandi og öryggi stíflna, vatnsvega og tengdra mannvirkja
- verkefnastýring og þátttaka í viðhaldi og umbótaverkefnum
- söfnun, úrvinnsla og skráning mæligagna í eftirlitskerfi fyrirtækisins
- skýrslugerð í tengslum við eftirlit og vöktunarkerfi

Hæfni:

- háskólamenntun í byggingarverkfræði, byggingatæknifræði eða skyldum greinum
- reynsla af verklegum framkvæmdum og/eða viðhaldi mannvirkja er kostur
- þekking á gæða-, öryggis- og umhverfismálum er æskileg
- skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- góð samskiptafærni og hæfni til að vinna í þverfaglegum teyimum

Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI ehf.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI

897-4693

Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS

"Með þér alla leið"

BYGGINGARÞJÓNUSTA
SUÐURLANDS

Nýbyggingar · Viðgerðir
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www byggingarsudurlands.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 / dfs@dfs.is

Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

prentmetoddi

heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur Límmiðar Stimplar

Eyragvegur 25 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

RS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

TAXI
SELFOSSI

SÍMI 482 3800

HJÓLA-
STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR

Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsahreinsun

510-1180 / 669-8441

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF
VINÁTTUL

Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf

okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is